



Íþrótta- og útilífsráð Reykjavíkurborgar
bt. Bjarna Guðjónssonar formanns
Afrit: Hildur Björnsdóttir borgarstjóri

Reykjavík, 1. september 2026

Efni: Öryggi og umsjón við frístundaakstur barna

Umboðsmaður barna hefur áður beint erindum til Reykjavíkurborgar vegna öryggis barna við frístundaakstur og fylgd þeirra úr frístundaheimilum í skipulagt íþrótta- og tómstundastarf. Í bréfum umboðsmanns, dags. 20. október 2022 og 18. október 2023, var meðal annars bent á áhyggjur af því að börnum í yngstu bekkjum grunnskóla væri ekki ávallt fylgt alla leið á æfingar, að börn væru eftirlitslaus og að ábyrgð, samstarf og upplýsingaflæði milli þeirra aðila sem koma að þjónustunni væri ekki nægilega skýrt. Þar sem umboðsmanni berast enn ábendingar um framkvæmd frístundaaksturs í Reykjavík telur embættið tilefni til að ítreka fyrri sjónarmið um mikilvægi þess að öryggi og fullnægjandi umsjón barna sé tryggð við framkvæmd þjónustunnar.

Frístundaakstur getur gegnt mikilvægu hlutverki við að tryggja börnum aðgang að íþrótta- og tómstundastarfi og stuðlað að jafnari tækifærum þeirra til þátttöku. Umboðsmaður barna telur mikilvægt að sveitarfélög stuðli að slíku aðgengi en jafnframt að þjónustan sé skipulögð með þeim hætti að öryggi barna sé tryggt.

Samkvæmt 3. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, skal það sem barni er fyrir bestu ávallt hafa forgang þegar stjórnvöld gera ráðstafanir sem varða börn. Þá ber stjórnvöldum að tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst og sjá til þess að stofnanir og þjónusta sem annast börn uppfylli viðeigandi kröfur.

Þegar sveitarfélag býður upp á skipulagðan frístundaakstur fyrir börn, sérstaklega í yngstu bekkjum grunnskóla, þarf þjónustan að taka mið af aldri og þroska þeirra. Ekki er hægt að

ætlast til þess að ung börn geti sjálf borið ábyrgð á eigin öryggi eða brugðist við með sama hætti og eldri börn ef eitthvað fer úrskeiðis.

Öryggi barna við frístundaakstur felst að mati umboðsmanns ekki eingöngu í því að ökutæki, ökumenn og akstur uppfylli almennar öryggiskröfur. Ökumaður þarf fyrst og fremst að geta einbeitt sér að öruggum akstri og því þarf að tryggja að umsjón með ungum börnum sé ekki jafnframt á hans ábyrgð. Á meðan á akstri stendur þarf starfsmaður sem sinnir umsjón barnanna að geta brugðist við þörfum þeirra og þeim atvikum sem upp kunna að koma.

Umsjón með börnunum þarf að vera samfelld frá því að þau yfirgefa skóla eða frístundaheimili og þar til þau eru komin í umsjón þess aðila sem tekur við þeim í íþrótta- eða tómstundastarfi. Ábyrgð þarf að vera skýr þannig að á hverjum tíma liggi fyrir hver hefur umsjón með barninu og ber ábyrgð á öryggi þess. Jafnframt þarf að vera til staðar skýrt verklag um upplýsingamiðlun og viðbrögð ef óvænt atvik koma upp. Umboðsmaður barna leggur áherslu á að ábyrgð á því að þjónusta sem ætluð er börnum sé örugg verði ekki færð yfir á börnin sjálf.

Með vísan til framangreinds telur umboðsmaður barna mikilvægt að sveitarfélög sem bjóða upp á frístundaakstur barna tryggi að framangreind sjónarmið séu höfð að leiðarljósi við skipulagningu og framkvæmd þjónustunnar og endurskoði, eftir því sem þörf er á, verklag og ábyrgð vegna hennar.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna